

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1942.

Ríkisstjórabréf, er stefnir Alþingi saman til fundar laugardaginn 14. nóvember 1942, undirskrifað af ríkisstjóra 5. nóvember 1942, nr. 96.

Stjórnarskipunarlög um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, sbr. stjórnarskipunarlög 24. marz 1934 og 1. sept. 1942, undirskrifuð af ríkisstjóra 15. desember 1942, nr. 97.

Ríkisstjóraúrskurður um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af ríkisstjóra 16. desember 1942, nr. 98.

Lög um breyting á lögum nr. 79 frá 1. sept. 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum, undirskrifuð af ríkisstjóra 19. desember 1942, nr. 99.

Auglýsing ríkisstjóra Íslands um bann gegn verðhækkun, undirskrifuð af ríkisstjóra 19. desember 1942, nr. 100.

Ríkisstjóraúrskurður um breyting á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifaður af ríkisstjóra 22. desember 1942, nr. 101.

Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur í janúar 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra 28. desember 1942, nr. 102.

Lög um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 103.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1943 með viðauka, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 104.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1943, undirskrifuð af ríkisstjóra sama dag, nr. 105.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 58. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um myrkvun íslenzkra skipa í Reykjavíkurhöfn.

170
20. okt.

Brezka sjóliðið hefur ákveðið, að íslenzk skip í Reykjavíkurhöfn eða í nágrenni Reykjavíkur, skuli myrkvuð samkvæmt neðangreindum reglum:

1. Íslenzk skip, stödd á ytri höfninni eða á akkerislegum í nágrenni Reykjavíkur, skulu framvegis vera myrkvuð frá sólarlagi til sólaruppkomu, svo sem hér segir:
2. Skip, sem liggja við akkeri, mega aðeins hafa uppi dauf akkerisljós, byrgð að ofan, og skulu þau slökkt, ef gefið er hættumerki með rauðu ljósi.
3. Skip, sem eru laus, eiga að hafa uppi siglingaljósinn, en þau skulu slökkt ef til loftárásar kemur.
4. Engar hömlur eru lagðar á notkun ljósa á skipum í innri höfninni, en skip þessi skal almyrkva jafnskjótt og gefin eru hættumerki fyrir almenning í Reykjavík.

Auglýsing frá ríkisstjórninni, birt í 59. tbl. Lögbirtingablaðsins 1942, um fyrirmæli hernaðaryfirvaldanna til íslenzkra skipa á hafi úti, sem verða hernaðaraðgerða vör.

171
28. okt.

Hernaðaryfirvöldin hafa talið nauðsynlegt til varúðar að setja reglur því til varnar, að íslenzk skip, sem stödd eru úti fyrir ströndum Íslands eða í íslenzkum